

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 27. apríl 2011 í máli nr. E-843/2010:

Þorsteinn Ingi Jónsson

(Guðbjörg Benjamínsdóttir hdl.)

gegn

Protabúi Riss ehf. og

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Kristín Edwald hrl.)

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. mars sl., er höfðað 1. febrúar 2010 af Þorsteini Inga Jónssyni, Vættarborgum 121 í Reykjavík, gegn Risi ehf., Skeiðarási 12 í Garðabæ, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5 í Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda 18.262.108 krónur með 4,5% vöxtum skv. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, með síðari breytingum, af 2.670.550 krónum frá 1. apríl 2008 til 14. janúar 2009, en af 18.855.863 krónum frá þeim degi til 12. desember 2009, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til 15. desember 2009, en af 18.262.108 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum ásamt 25,5% virðisaukaskatti.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda auk málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða mati dómsins. Til vara krefjast stefndu að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði lækkaður verulega.

Undir rekstri málsins var stefndi, Ris ehf., tekinn til gjaldþrotaskipta og tók protabúi félagsins við aðild að málinu, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

II.

Málsatvik

Stefnandi er trésmiður og hafði unnið um árabíl fyrir Ris ehf. þegar hann slasaðist við vinnu sína 1. apríl 2008. Hann mun þá hafa verið að vinna við

uppsetningu kerfislofts í nýbyggingu að Hlíðarsmára 6 í Kópavogi en Ris ehf. hafði reist húsið auk þess að taka að sér smíðavinnu innanhúss. Jón Bjargmundsson, verkstjóri hjá Risi ehf., var byggingarstjóri við byggingu hússins.

Lögregla var kölluð á vettvang þegar slysið átti sér stað og kemur fram í lögregluskýrslu að hún hafi kallað til fulltrúa frá Vinnueftirliti ríkisins. Lýsti stefnandi atvikinu þannig fyrir lögreglu á vettvangi að hann hafi verið að vinna við snúrur í loftinu þegar honum hafi fundist eins og trappan sem hann notaði hefði gefið sig og hún farið á hliðina. Hafi hann lent illa á vinstri hliðinni og kvartaði undan eymslum í vinstri upphandlegg. Fram kom í skýrslunni að stefnandi væri verktaki og væri að vinna fyrir Ris ehf. Þá var í skýrsluni haft eftir Birni Pálssyni, eftirlitsmanni frá Vinnueftirliti ríkisins, sem kom á vettvang, að umræddar tröppur hafi haft burðargetu fyrir 110 kg en stefnandi væri þrekvaxinn og kraftalegur í útliti. Stefnandi var fluttur með sjúkrabifreið á slysa- og bráðadeild Landspítals.

Í eftirlitsskýrslu eftirlitsmanns Vinnueftirlits ríkisins, sem gerð var á slysdegi, kom fram sú athugasemd að vinnueftirlitið legði áherslu á að starfsmenn notuðu tröppur við hæfi við vinnu sína.

Af hálfu Riss ehf. var slysið tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlits ríkisins. Í þeirri tilkynningu segir að stefnandi hafi verið að vinna í tröppu og hafi fallið á steingólf úr u.þ.b. 1,5 til 2 m hæð.

Í málinu liggur fyrir umsögn fyrrgreinds eftirlitsmanns Vinnueftirlits ríkisins um slysið, dags. 1. apríl 2008. Þar segir um aðstæður á slysstað að þær hafi verið óbreyttar þegar rannsókn hafi farið fram. Herbergið hafi verið bjart og þokkalega þrifalegt. Þar hafi verið lausar tröppur, sem hafi verið merktar fyrir 110 kg, en aðrar upplýsingar ekki sjáanlegar. Um orsök slyssins sagði orðrétt í umsögninni: „Hugsanleg orsök er að tröppurnar sem hinn slasaði notaði voru orðnar slitnar og ekki gerðar fyrir nema 110 kg.“

Við röntgenmyndatöku á Landspítala kom í ljós þverbrot á upphandleggsbeini stefnanda auk brots á úlnliðsbeini. Stefnandi gekkst undir aðgerð sama dag og útskrifaðist heim til sín daginn eftir. Gifsumbúðir voru fjarlægðar um miðjan maí. Við röntgenmyndatöku um haustið kom í ljós að upphandleggsbrotið var gróið. Hins vegar var hreyfigeta í öxlinni skert og þótti ljóst að rof hefði orðið í ofankambsvöðvasin. Stefnandi fór í aðgerð 15. desember 2008 þar sem sinin var saumuð saman. Samkvæmt gögnum málsins virðist hreyfigeta hafa aukist eftir það. Við skoðun hjá bæklunarskurðlækni 20. maí 2009 kvartaði stefnandi þó áfram yfir verkjum í öxlinni og í úlnlið auk sem hann hefði skerta hreyfigetu.

Með beiðni frá 17. ágúst 2009 var af hálfu lögmanns stefnanda og fulltrúa stefnda, Sjóvá Almennra trygginga hf., óskað eftir því að læknarnir Guðmundur Björnsson og Atli Þór Ólason legðu mat á afleiðingar slyssins. Í matsgerð þeirra frá 15. október 2009 var komist að þeirri niðurstöðu að tímabundið atvinnutjón stefnanda væri 100% frá 1. apríl 2008 til 1. apríl 2009, þjáningatími teldist vera frá 1. apríl 2008 til 1. apríl 2009, þar af tveir dagar rúmliggjandi. Stöðuleikapunktur var talinn vera 1. apríl 2009. Varanlegur miski vegna slyssins taldist hæfilega metinn 25 stig og varanleg örorka 35%.

Af hálfu stefnanda var farið fram á það með kröfubréfi 12. nóvember 2009 að greiddar yrðu 20.404.623 krónur í skaðabætur úr ábyrgðartryggingu Riss ehf. vegna tjóns stefnanda. Byggðist kröfugerð þessi á niðurstöðu fyrrgreindrar matsgerðar. Bótaskyldu var hafnað af hálfu stefndu.

Undir rekstri málsins var farið fram á það af hálfu stefndu að dómkvaddir yrðu matsmenn til að meta afleiðingar slyssins. Í þinghaldi 8. júlí 2010 voru Guðjón Baldursson læknir og Jörundur Gauksson hdl. dómkvaddir í þessu skyni. Óskað var eftir því að þeir legðu mat á eftirfarandi atriði um afleiðingar slyssins á heilsu matsþola/stefnanda:

1. Hvort og þá hvenær heilsufar matsþola hafi verið orðið stöðugt, sbr. 2. gr. laga nr. 50/1993 og því tímabært að meta afleiðingar óhappsins á heilsu matsþola.

2. Hvenær ætla megi að matsþoli hafi getað byrjað að vinna á ný í kjölfar óhappsins, sbr. 2. gr. laga nr. 50/1993.

3. Hvert hafi verið tímabil þjáninga í kjölfar óhappsins, sbr. 3. gr. laga nr. 50/1993.

4. Hvort telja megi að matsþoli hafi orðið fyrir varanlegum miska vegna óhappsins í skilningi 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og þá hversu mikill hann sé.

5. Hvort hugsanlegt sé að umrætt óhapp hafi orsakað varanlega örorku matsþola í skilningi 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og þá hversu mikil hún sé með tilliti til þeirra sjónarmiða sem síðastnefnt ákvæði byggir á.

Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna var lögð fram í þinghaldi 6. desember 2010. Svör þeirra við matsspurningum voru eftirfarandi:

„1. Stöðugleikapunktur 14.01.2009

2. Óvinnufærni 01.04.2008 til 28.04.2008 og 15.12.2008 til 14.02.2009

3. Veikindatímabil 01.04.2008 til 28.04.2008 og 15.12.2008 til 15.02.2009, þar af einn dag rúmliggjandi

4. Varanlegur miski 23 stig

5. Varanleg örorka 40%“

III.

1. Málsástæður og lagarök stefnanda

Í stefnu er því haldið fram að stefnandi hafi verið starfsmaður hjá Risi ehf. og réttarsamband þeirra hafi verið ráðningarsamband. Stefnandi hafi fengið greidd laun samkvæmt reikningi en í raun hafi hann unnið eins og hver annar launþegi. Hann hafi stimplað sig inn og borið að hlýða fyrirmælum um verkefni og

framkvæmd þeirra. Þá hafi hann fengið laun samkvæmt viðveru og þau hækkað þegar um yfirtíð hafi verið að ræða. Útilokað hafi verið fyrir hann að láta aðra vinna fyrir sig eða ráða undirverktaka. Hafi Ris ehf. útvegað stefnanda öll áhöld og verkfæri önnur en handverkfæri og hafi séð um alla aðstöðu, þ. á m. tröppurnar sem stefnanda hafi verið lagðar til við vinnu sína á slysdegi. Stefnandi telur þó að slysið sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu Riss ehf., sem hafi borið ábyrgð á allri aðstöðu á vinnustaðnum, óháð því með hvaða hætti réttarsambandi aðila hafi verið háttað.

Stefnandi vísar til þess að í umsögn Vinnueftirlits ríkisins komi fram að hugsanleg orsök slyssins hafi verið að tröppurnar sem stefnandi notaði hafi verið slitnar og ekki gerðar fyrir nema 110 kg. Ekki geti verið ágreiningur um sök félagsins ef starfsmönnum þess séu lagðar til slitnar tröppur við framkvæmd verka. Í umsögn vinnueftirlitsins um úrbætur komi fram að yfirfara verði vinnubrögð og búnað sem notaður sé við vinnu í hæð hjá fyrirtækinu með tilliti til öryggis starfsmanna. Þá hafi verkstjórinn jafnframt verið upplýstur um staðla um tröppur og stiga. Ekki liggi fyrir að sérstök rannsókn hafi verið gerð á tröppunni af stefnda Risi ehf. eða hún tekin úr umferð eftir slysið.

Stefnandi vísar til þess að tröppur, sem séu til iðnaðarnota, skuli uppfylla staðal EN-131-3:2007. Í a-lið gr. 7.4 í staðlinum komi m.a. fram að ekki megi fara umfram hámarksþunga sem viðkomandi trappa þoli. Þá skuli viðhald á tröppum vera í höndum fagaðila og í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda sem stefnandi telur að ósennilegt sé að hafi verið sinnt með vísan til niðurstöðu vinnueftirlitsins um að trappan hafi verið slitin.

Stefnandi vísar einnig til ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í því efni skírskotar stefnandi einkum til þeirrar skyldu sem hvíli á atvinnurekanda samkvæmt 37. gr. og 13. gr. þeirra og samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja. Enn fremur vísar stefnandi til leiðbeininga Vinnueftirlits ríkisins nr. 1/1991 þar sem fjallað sé um tröppur og aðbúnað þeirra. Þar komi fram að við val á tröppu þurfi að athuga vandlega að hún henti því verki sem eigi að vinna.

Stefnandi byggir á því að honum hafi verið láttnar í té tröppur af vinnuveitanda sínum sem ekki hafi hentað til verksins þar sem þær hafi verið of stuttar og slitnar. Önnur eða betri tæki hafi ekki verið aðgengileg á vinnustað hans. Þá hafi ekki verið mælst til þess að annar stigi yrði notaður. Notkun trappanna hafi ekki verið bönnuð. Því sé ljóst að Ris ehf. hafi gerst brotlegt við hátternisreglur um aðstöðu starfsmanna en sú aðstaða hafi verið óforsvaranleg. Því verði hið stefnda félag að bera ábyrgð á tjóni stefnanda. Það sé mat stefnanda að slysið verði ekki rakið til annars en að tækjum og aðstöðu hafi verið ábótavant og aðstæður á slysstað hafi því verið óásættanlegar og hættulegar öryggi stefnanda við framkvæmd vinnu sinnar.

Stefnandi vísar til þess að stefndu hafi haldið því fram að slysið sé alfarið á ábyrgð stefnanda. Í því sambandi vísar stefnandi til þróunar á reglum norræns réttar um mildara saknæmismat gagnvart tjónþola, þ.e. að meira þurfi til að koma en áður svo að til álita komi að tjónþoli verði talinn meðábyrgur.

Í samræmi við þessa þróun hafi nú verið bætt við nýju ákvæði í skaðabótalögin, 23. gr. a, þess efnis að réttur starfsmanns til skaðabóta vegna

meðábyrgðar skerðist ekki nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. Reglan eigi ekki við í þessu máli en í athugasemdum með lögnum komi fram að meðábyrgð tjónþola í vinnuslysamálum sé þeim oft afar þungbær og brýn þörf hafi verið talin á því að létta ábyrgð af starfsmönnum á kostnað vinnuveitenda sem flestir hafi ábyrgðartryggingar til að taka á móti áföllum í starfseminni. Rétt sé að horfa til þeirra sjónarmiða sem liggja að baki setningu ákvæðisins og þeirrar réttarþróunar sem hafi átt sér stað í þá átt að draga úr vægi eigin sakar tjónþola í vinnuslysum.

Þá heldur stefnandi því fram að jafnvel þó að fallist yrði á að hann hafi að einhverju leyti verið meðvaldur að tjóni sínu vegna einfalds gáleysis þá sé rétt að líta fram hjá því að nokkru eða öllu leyti, líkt og gert sé ráð fyrir í 2. mgr. 24. gr. skaðabótalaga, í ljósi þess hversu alvarlegar afleiðingar það hefur haft á hagi stefnanda.

Kröfugerð stefnanda tók upphaflega mið af matsgerð lækna Guðmundar Björnssonar og Atla Þórs Ólasonar frá 15. október 2009. Samtals nam bótakrafan 19.819.868 krónum. Bætur fyrir tímabundið atvinnutjón, sbr. 2. gr. skaðabótalaga, námu 4.321.531 krónu, en til frádráttar komu bætur frá Vinnuálastofnun að fjárhæð 459.304 krónur. Þjáningabætur, sbr. 3. gr. skaðabótalaga, námu 539.080 krónum. Bætur fyrir varanlegan miska, sbr. 4. gr. skaðabótalaga, námu 1.935.024 krónum og bætur fyrir varanlega örorku námu 14.068.292 krónum, en til frádráttar kom eingreiðsla örorkubóta frá Sjúkrtryggingum Íslands að fjárhæð 593.755 krónur.

Við aðalmeferð málsins var bótakrafan af hálfu stefnanda lækkuð og hún látin taka mið af matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna. Dómkröfur stefnanda voru þá sundurliðaðar með eftirfarandi hætti:

1. Bætur skv. 2. gr. skbl. kr. 1.522.292

Óvinnufærni:

frá 1. apríl til 28. apríl 2008

frá 15. desember 2008 itl 15. febrúar 2009

Apríl 2008: 176 - 59 (greiddir tímar) = 117 x 3.000 = 351.000 kr.

15. des. 2008 til 15. feb. 2009:

585.646 x2 = 1.171.292 kr.

(sjá útreikning að neðan)

Frádragnar bætur frá Vinnuálastofnun kr. -
278.622

(Ekki teknað með í vaxtaútreikningi)

Frádregin greiðsla frá SJ Eignarhaldsfélagi kr. -485.437

(Ekki tekin með í vaxtaútreikning)

2. Bætur skv. 3. gr. skbl. kr. 132.095
 $88 \times 1.470 = 129.360$
 $1 \times 2.735 = 2.735$
3. Bætur skv. 4. gr. skbl. kr. 1.780.222
23% af kr. 8.062.600,- x 0,96
4. Bætur skv. 5.-7. gr. skbl. kr. 16.185.313
 $(2007) 4.321.531 \times 1.08 / 319,8 \times 355,4 = 5.186.810$
 $(2006) 5.385.064 \times 1,08 / 295,4 \times 355,4 = 6.997.156$
 $(2005) 3.703.961 \times 1,08 / 268,0 \times 355,4 = \underline{5.304.846}$
17.488.812
 $17.488.812 / 3 \times 6,941 \times 40\%$

Að frádreginni eingreiðslu örorkubóta frá Sjúkratryggingum Íslands þann 15.12.2009 að fjárhæð kr. 593.755

Samtals: **kr.**
18.262.108

Af hálfu stefnanda er krafist 4,5% vaxta vegna bóta fyrir tímabundið atvinnutjón, þjáningabætur og varanlegan miska frá slysdegi 1. apríl 2008 fram að stöðugleikatímamarki 14. janúar 2009, en frá þeim degi einnig af bótum vegna varanlegrar örorku, sbr. 16. gr. skaðabótalaga, fram til 12. desember 2009 (mánuði eftir að kröfubréf var sent), en dráttarvaxta frá því tímamarki, sbr. lög nr. 38/2001, til 15. desember 2009 er stefnandi fékk eingreiðslu bóta frá Sjúkratryggingum Íslands, en síðan af eftirstöðvum fram til greiðsludags.

Fram kemur að við útreikning á tímabundnu atvinnutjóni í apríl 2008 sé miðað við laun fyrir fulla vinnu í apríl 2008 (176 tíma), en stefnandi hafi aðeins fengið greitt fyrir 59 tíma. Við útreikning á tímabundnu atvinnutjóni frá 15. desember 2008 til 15. febrúar 2009 sé stuðst við meðaltal launa síðustu þriggja mánaða á undan:

September 2008	866.220 kr. (án vsk)
Október 2008	578.718 kr. (án vsk.)
Nóvember 2008	312.000 kr. (án vsk.)
Samtals	1.756.938 kr.
Meðaltal:	585.646 kr.

Frá bótum vegna tímabundins atvinnutjóns dregur stefnandi frá greiðslur sem stefnandi fékk á óvinnufærnistímabilinu. Annars vegar sé hér um að ræða greiðslur frá Vinnuálastofnun í desember 2008 og febrúar 2009, samtals að fjárhæð 278.622 krónur, og hins vegar greiðslur frá SJ Eignarhaldsfélagi í febrúar 2009 að fjárhæð 485.437 krónur. Nemi þessar greiðslur samtals 764.059 krónum en þær komi ekki inn í vaxtaútreikning.

Stefnandi reisir kröfugerð um þjáningatímabil, sbr. 3. gr. skaðabótalaga, einnig á matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna. Samkvæmt henni hafi stefnandi verið veikur í skilningi skaðabótalaga frá 1. apríl 2008 til 28. apríl 2008 og frá 15. desember 2008 til 15. febrúar 2009, en þar af rúmliggjandi í einn dag. Þjáningabætur reiknist því í alls 89 daga, þar af rúmliggjandi í einn dag. Fjárhæðir séu uppfærðar miðað við lánskjaravísitölu í nóvember 2009.

Kröfugerð stefnanda varðandi bætur fyrir varanlegan miska kveður hann taka mið af sama mati og er fjárhæðin uppfærð miðað við lánskjaravísitölu í nóvember 2009. Krafa um bætur fyrir varanlega örorku taki einnig mið af matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna. Tekið sé mið af launum stefnanda samkvæmt skattframtölum hans síðustu þrjú árin fyrir slysið, sbr. 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Launin séu uppreiknuð miðað við launavísitölu að stöðugleikapunkti 14. janúar 2009.

Um lagarök vísar stefnandi til skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum og almennrar, ólögfestrar reglu íslensks réttar um skaðabætur. Þá vísar stefnandi til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Enn fremur vísar stefnandi til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglna nr. 367/2006 um notkun tækja og staðals EN-131-3:2007. Um vaxtakröfuna vísar stefnandi sérstaklega til 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og um dráttarvaxtakröfuna til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Um málskostnað sé vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 1. mgr. 130. gr. þeirra. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 50/1988 og því beri nauðsyn til að tekið verði tillit til skattsins við ákvörðun málskostnaðar.

2. Málsástæður og lagarök stefndu

Stefndu byggja á því að stefnandi hafi verið sjálfstæður verktaki en ekki launþegi hjá Risi ehf. Hafna þeir því að tjón stefnanda skuli bætt úr launþegatryggingu eða frjálsri ábyrgðartryggingu hins stefnda félags. Þá hafna stefndu því að stefnandi hafi verið í svokallaðri „gerviverktöku“.

Um þetta atriði vísa stefndu til þess að stefnandi hafi allt frá árinu 2005 tekið að sér verk fyrir Ris ehf. Frá upphafi hafi stefnandi gefið út reikninga fyrir vinnu sinni ásamt virðisaukaskatti. Þá hafi stefnandi staðið sjálfur skil á öllum launatengdum gjöldum. Skattframtöl beri það einnig með sér að stefnandi hafi starfað sjálfstætt og raunar hafið slíka verktöku áður en hann hafi byrjað að vinna fyrir Ris ehf. Stefnandi hafi ávallt útvegað sjálfur öll helstu verkfæri til vinnu sinnar enda þótt hann hafi haft aðgang að stærri verkfærum hjá Risi ehf. Vinnutilhögun hafi verið með þeim hætti að stefnandi hafi mætt að morgni hjá verkstjóra Riss ehf. sem hafi úthlutað verkum til hans sem undirverktaka. Stefnandi hafi svo haft sjálfðæmi um það hvernig hann hafi leyst viðkomandi verkefni af hendi. Ekki sé ágreiningur um að haldið hafi verið utan um tíma stefnanda með skráningu í stimpilklukku. Það hafi verið gert báðum aðilum til hagræðis til að ekki kæmu upp deilur við yfirferð reikninga. Í stefnu komi fram að laun stefnanda hafi hækkað þegar um „yfirtíð“ hafi verið að ræða. Stefnu telja ekki ljóst hvað átt sé við en árétta að stefnandi hafi fengið greitt fyrir vinnu sína í samræmi við þann tíma sem hafi farið í viðkomandi verk. Þá hafi stefnandi sjálfur ekki verið í neinum vafa um réttarsamband sitt við Ris ehf. og um það vísað til þess sem fram komi í matsgerð og lögregluskýrslu. Þá liggja fyrir að stefnandi hafi sjálfur verið tryggður almenntri slysatryggingu en ekki tryggður slysatryggingu launþega af hálfu Riss ehf.

Stefndu vísa enn fremur til þess að um ábyrgð stefnda Riss ehf. fari samkvæmt almennu sakarreglunni. Sýknukrafan sé reist á því að tjón stefnanda verði ekki með nokkru móti rakið til atvika sem stefndu beri skaðabótaábyrgð á að lögum.

Um þetta atriði er í fyrsta lagi vísað til þess að á slysdegi hafi stefnandi verið sjálfstæður verktaki og ekki lotið boðvaldi stefnda Riss ehf. Hann hafi sjálfur ráðið tilhögun vinnu sinnar og að ljóst sé að hann einn hafi tekið þá ákvörðun að nota umræddar tröppur þó að þær hafi einungis haft burðargetu fyrir 110 kg. Í þessu samhengi verði ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að á tjónsdegi hafi stefnandi verið yfir 100 kg að þyngd.

Í öðru lagi er á því byggt af hálfu stefndu að ekkert sé fram komið um að tröppurnar hafi verið vanbúnar. Staðhæfingum um að trappan hafi gefið sig eða svignað sé mótmælt sem ósönnuðum. Miðað við lýsingar á óhappi stefnanda megi draga þá ályktun að hann hafi misst jafnvægið á tröppunum og þær fallið á hliðina. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins sé ekki fullyrt um orsakir slyssins. Þó sé velt upp þeim möguleika að orsök þess kunni að hafa verið slit trappanna og að þær hafi einungis burðargetu fyrir 110 kg. Stefnu byggja á því að tilgreind burðargeta trappanna sé ekki til marks um neinn vanbúnað. Stefnu mótmæla sérstaklega að stefndi, Ris ehf., hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja, staðal EN-131-3:2007 og leiðbeiningar um vinnuvernd nr. 1/1991. Þær almennu varúðarreglur sem komi fram í framangreindum reglum snúi helst að stefnanda sjálfum sem sjálfstæðum verktaka. Þar sé t.d. átt við þá varúðarreglu að notuð séu

tæki sem hæfi því verki sem verið sé að vinna.

Í þriðja lagi reisa stefndu sýknukröfu sína á því að enda þótt það teldist sannað að umræddar tröppur hafi verið vanbúnar þá geti stefndu ekki borið ábyrgð á því. Vísu stefndu til þess að tröppurnar hafi ekki komið frá Risi ehf. heldur rafverktaka sem hafi unnið við nýbygginguna. Ábyrgð á tröppunum og viðhald þeirra hafi því ekki verið á könnu stefnda Riss ehf. Þá hafi verið á staðnum margvíslegur léttibúnaður, þ.m.t. tröppur af ýmsum gerðum. Hafi stefnandi talið að þær tröppur hentuðu ekki hafi hann þó í öllu falli getað kallað eftir öðrum tröppum frá Risi ehf. Af einhverjum ástæðum hafi stefnandi kosið að nýta ekki tröppur frá Risi ehf. heldur notast við tröppur frá öðrum verktaka. Ef til vill hafi þær tröppur ekki hentað stefnanda eða því verki sem hann hafi verið að vinna í umrætt sinn. Á þeirri ákvörðun stefnanda geti stefndu ekki borið ábyrgð.

Stefndu byggja jafnframt á því að stefnandi verði að bera fulla ábyrgð á tjóni sínu vegna eigin sakar. Stefndu telja að ráða megi af gögnum málsins að orsök tjónsins hafi verið óaðgæsla stefnanda sjálfs og ef til vill óhappatilviljun. Ekki verði litið framhjá þeirri staðreynd að á slysdegi hafi stefnandi verið yfir 100 kg að þyngd. Í ljósi þess hafi honum borið að velja sér tröppu sem hentaði hans líkamsþyngd. Þá hafi honum borið að sýna sérstaka aðgæslu við vinnu upp í tröppunum svo hann missti ekki jafnvægið. Þannig hafi verið óvarlegt af stefnanda að notast við tröppur frá öðrum verktaka nema kanna sérstaklega hvort þær hentuðu honum og því verki sem verið var að vinna.

Þegar slysið átti sér stað hafi stefnandi verið 53 ára og unnið um árabil sem sjálfstæður verktaki við trésmíðar. Hann hafi útskrifast úr iðnskóla árið 1974 og unnið við fagið frá þeim tíma. Í ljósi aldurs stefnanda, þekkingar hans og reynslu hafi honum mátt vera kunnugt að óvarlegt hafi verið að notast við tröppur frá öðrum verktaka sem hugsanlega hentuðu ekki líkamsþyngd hans. Vegna þessarar áhættutöku og gáleysis verði stefnandi að bera tjón sitt að fullu sjálfur.

Um varakröfu um verulega lækkun vísu stefndu í fyrsta lagi til eigin sakar stefnanda, sbr. það sem fram hefur komið. Vísuð sé til þess að ákvæði 23. gr. a í skaðabótalögum hafi ekki tekið gildi þegar slys stefnanda hafi átt sér stað. Tilvísun stefnanda til ákvæðisins hafi því ekki neina þýðingu.

Í öðru lagi mótmæltu stefndu niðurstöðu matsgerðarinnar frá 15. október 2009, þ. á m. kröfu um tímabundið atvinnutjón. Niðurstöðu síðari matsgerðarinnar, sem lögð var fram 6. desember 2010, var ekki mótmælt af hálfu stefndu.

Í þriðja lagi mótmæla stefndu dráttarvaxtakröfu stefnanda frá fyrra tímamarki en dómsuppsögudegi.

Um lagarök vísu stefndu til skaðabótalaga nr. 50/1993 og 9. gr. laga nr. 36/2001 um vexti og verðtryggingu. Málskostnaðarkrafa stefndu er reist á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV.

Niðurstæða

Eins og fram er komið slasaðist stefnandi þegar hann var að störfum fyrir Ris ehf. en hann var þá að vinna við kerfisloft að Hlíðarsmára 6 í Kópavogi. Byggingarfélag þetta hefur nú verið tekið til gjaldrotaskipta og hefur þrotabú þess tekið við aðild málsins. Stefnandi var ekki launamaður hjá Risi ehf. heldur gerði félaginu reglulega reikning fyrir þá vinnu sem hann vann í þágu þess. Hvað sem því líður þá er ljóst að í umrætt sinn starfaði stefnandi undir stjórn Jóns Bjargmundssonar, verkstjóra hjá Risi ehf., sem jafnframt var byggingarstjóri við framkvæmdirnar að Hlíðarsmára 6. Ekki er um það deilt að verkstjórinn hafði falið stefnanda að vinna við kerfisloftið í húseigninni. Af framburði þeirra sem komu fyrir dóminn verður ráðið að Ris ehf. hafi átt að útvega stefnanda allan þann búnað sem þurfti til verksins, önnur en venjuleg handverkfæri, þar á meðal tröppur eða annan útbúnað til að ná upp í þá hæð sem unnið var í. Verður að líta svo á að á Risi ehf. hafi hvílt sú skylda að sjá til þess að sá búnaður, sem byggingarfélagið lagði honum til í umrætt sinn, fullnægði þeim kröfum, sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og stjórnvaldsfyrirmæli, sem sett hafa verið á grundvelli laganna, gera til slíks búnaðar.

Stefnandi lýsir atvikinu er hann slasaðist á þann veg hann hafi verið að loka kerfislofti á fyrstu hæð hússins eftir að rafvirkjar höfðu gengið frá raflögnum í kerfisloftinu. Hafi hann staðið í þriðja eða fjórða þrepi í tröppunni í 80 til 90 cm hæð frá gólfi og unnið upp fyrir sig. Hafi hann verið að „kíkja línuna“ og staðið kyrr þegar „allt í einu brast eitthvað“ og hann hafi fallið á gólfið. Ekki voru vitni að atvikinu.

Slys þetta var tilkynnt af hálfu Riss ehf. samdægurs og voru tildrög þess rannsökuð sama dag. Ber stefnanda að sýna fram á að slysið hafi borið að með þeim hætti að stefndu beri á því skaðabótaábyrgð. Í því efni vísar stefnandi einkum til umsagnar eftirlitsmanns Vinnueftirlits ríkisins en af henni dregur hann þá ályktun að trappan, sem stefnanda voru lagðar til í umrætt sinn, hafi ekki hentað til verksins þar sem hún hafi verið of stutt og slitin. Í umsögn eftirlitsmannsins kemur fram að hugsanleg orsök slyssins hafi verið að umrædd trappa hafi verið orðin slitin og ekki gerð fyrir nema 110 kg.

Af hálfu stefndu er m.a. á því byggt að trappan hafi ekki verið í eigu Riss ehf. heldur rafverktaka sem hafi verið að vinna í byggingunni á sama tíma. Á staðnum hafi verið ýmis annar léttibúnaður frá Risi ehf., þar með taldar ýmsar tröppur, sem stefnandi hafi getað notað við vinnu sína. Verkstjórinn, Jón Bjargmundsson, og Magnús Jónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá Risi ehf., staðhæfðu enn fremur fyrir dómi að Ris ehf. hafi ekki átt tröppur af þeirri gerð sem stefnandi notaði í umrætt sinn og ljósmyndaðar voru við rannsókn Vinnueftirlits ríkisins. Taldi Magnús að þær tröppur sem Ris ehf. hefði átt hafi allar verið með um 90 cm „brjóstvörn“ sem umrædd trappa var ekki með. Á staðnum hafi hins vegar verið ýmsar tröppur sem Ris ehf. hafi átt auk hjólapalla sem stefnandi hefði getað notað. Þegar ljósmyndir af umræddri tröppu voru lagðar fyrir Heiðar P. Guðjónsson, sem einnig starfaði sem undirverktaki hjá Risi ehf. við Hlíðasmára 6 þegar slysið varð, taldi hann að tröppurnar frá Risi ehf. hafi margar verið „sterkbyggðari og öðruvísi“. Treysti hann sér ekki til að fullyrða hvort Ris ehf. hafi átt tröppur af þeirri gerð sem myndirnar voru af.

Hvort sem umrædd trappa var í eigu Riss ehf. eða annarra verktaka ber ofangreindum vitnum og stefnanda saman um að á staðnum hafi verið ýmsar tröppur frá Risi ehf. ásamt hjólapöllum. Ekkert liggur fyrir um að þeim búnaði hafi verið áfátt eða hann ekki hentað til þess verks sem stefnandi vann í umrætt sinn. Stefnandi, sem lauk trésmíðanámi árið 1974, er með langa reynslu af vinnu af þessu tagi og er ljóst af framburði vitna og aðilaskýrslu að honum hafi verið treyst til að velja sér búnað við hæfi til að leysa af hendi það verk sem honum hafði verið falið. Verður það ekki metið verkstjóra eða öðrum starfsmönnum Riss ehf. til sakar ef stefnandi hefur valið sér tröppu sem ekki var gerð fyrir líkamsþyngd hans. Þess ber þó að geta að sjálfur bar hann fyrir dómi að hafa verið um 100 kg er slysið varð og því undir þeim mörkum sem tilgreind voru á tröppunni sem hámarksþyngd þeirra.

Tröppunni, sem stefnandi stóð í þegar slysið varð, er ekki lýst í umsögn Vinnueftirlits ríkisins, sem stefnandi vísar til í málatilbúnaði sínum, en ljósmyndir af henni fylgdu umsögninni. Af þeim verður ráðið að trappan er sex þrepa og fristandandi með jafnlöngum einingum er koma saman í efsta þrepinu og því án stuðnings þegar staðið er í efstu þrepunum. Virðist trappan óskemmd af myndunum að dæma og engin sérstök ummerki sjáanleg um að hún hafi brostið. Í umsögninni er ekki lýst hvar eða hvernig trappan sé slitin eða hvernig það megi hafa orsakað að stefnandi féll á gólfíð. Ekkert kemur þar fram um að trappan sé óstöðug. Hugleiðingar í umsögninni um að hugsanlega megi rekja ástæðu slyssins til þess að tröppurnar hafi verið orðnar slitnar verða því ekki taldar nægilega skýrar eða studdar þeim rökum að unnt sé að leggja þær til grundvallar við sakarmat í málinu.

Eins og fram er komið má af ljósmyndum af tröppunni sjá að hún er sex þrepa og sennilega rétt innan við 180 cm að hæð. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um lofthæð í rýminu þar sem stefnandi var að vinna í umrætt sinn. Sjálfur taldi hann að hæðin upp í kerfisloftið hafi verið um 270 cm. Eins og vikið hefur verið að taldi stefnandi sig hafa þurft að standa í þriðja eða fjórða þrepi, í um 80 til 90 cm hæð frá gólfi, til að geta unnið við að loka kerfisloftinu. Það getur staðist miðað við lofthæðina sem stefnandi taldi að hefði verið í rýminu. Samkvæmt því er óupplýst að þessar tröppur hafi verið of stuttar til að stefnandi gæti unnið það verk sem fyrir hann hafði verið lagt án þess að öryggi hans væri hætta búin. Þá hefur því ekki verið haldið fram að tröppur af þessari gerð fullnægi ekki þeim kröfum er búnaður af þessu tagi, sem ætlaður er til iðnaðarnota, verður almennt að uppfylla, þó að stuðningur sé takmarkaður ef viðkomandi stendur í efstu þrepunum. Ekki er því upplýst að þessar tröppur eða aðrar, sem stefnandi gat notað við vinnu sína í umrætt sinn, hafi verið of stuttar eða að þær hafi ekki hentað að öðru leyti til þess verks stefnanda hafði verið falið að vinna.

Með hliðsjón af framangreindu verður að telja að stefnandi hafi ekki fært sönnur á að rekja megi líkamstjón hans til saknæmrar hegðunar verkstjóra Riss ehf. eða annarra starfsmanna byggingarfyrirtækisins. Verður því að sýkna stefndu af skaðabótakröfu stefnanda. Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt að hver málsaðila beri sinn kostnað af rekstri málsins fyrir héraðsdómi.

Af hálfu stefnanda flutti málið Guðbjörg Benjamínsdóttir hdl.

Af hálfu stefndu flutti máli Guðjón Ármannsson hdl.

Ásmundur Helgason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Stefndu, þrotabú Riss ehf. og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., eru sýknaðir af kröfum stefnanda, Þorsteins Inga Jónssonar.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Ásmundur Helgason.